

Félagsstjórnenda leikskóla

2. mars 2020

Ályktun

Stjórn Félagsstjórnenda leikskóla tekur undir ályktun stjórnar Félagsleikskólakennara frá 13. febrúar 2020 og hvetur Fræðsluráð Hafnarfjarðar að falla frá ákvörðun sinni um að starfrækja leikskóla allt sumarið árið 2021.

Starfsmannahald í leikskólum er þungt og mun þyngjast enn frekar við þessa ákvörðun og álag á stjórnendur, kennara og annað starfsfólk mun aukast til muna. Fagfólk mun enn frekar horfa til annarra skólagerða til að komast í betra starfsumhverfi, starfsumhverfi með upphaf og endi á skólaári.

Þessi ákvörðun fræðsluráðs er tekin í litlu sem engu samstarfi og samráði við hagsmunaaðila og í andstöðu við stjórnendur.

Stjórnendur leikskóla í Hafnarfirði benda á að ekki er hægt að ganga út frá því að börnin verði á sinni deild með sína kennara yfir sumarmánuðina og faglegt starf mun raskast yfir lengri tíma en venjulega yfir sumartímann, því allir starfsmenn munu að öllum líkindum fara í 30 daga (6 vikna) orlof.

Að lokum er vert að minna á að samkvæmt lögum nr. 95/2008 er leikskólinn fyrsta skólastigið en ekki þjónustustofnun, leikskólakennurum fer fækkandi og leikskólinn er viðkvæmur vinnustaður. Við hvetjum því Hafnarfjarðarbæ til að finna aðrar leiðir til að þjónusta bæjarbúa og börn þeirra yfir sumartímann.

Mögulegar leiðir eru t.d. aukið frístundarstarf í samstarfi við íþróttafélög eða önnur félög eða opnir gæsluvellir með öðru starfsfólki en starfsfólki leikskólanna.

Fyrir hönd stjórnar FSL

Sigurður Sigurjónsson

Formaður